REGLUGERÐ

um veiðar á úthafsrækju 1989.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða á rækju, sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita, að vestan markast svæðið af 23°40 V og að norðan af 64°05 N.

Rækjuveiðar á Dohrnbanka vestan 26°V skulu undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar samkvæmt nánari reglum settum í leyfisbréf.

Ráðherra er ennfremur heimilt að ákveða í leyfisbréfi til úthafsrækjuveiða, að rækjuveiðar á ákveðnum svæðum skuli undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar með ákveðnum skilyrðum.

2. gr.

Á árinu 1989 skulu leyfi til úthafsrækjuveiða miðast við, að heildarrækjuafli á svæði skv. 1. mgr. 1. gr. fari ekki yfir 23 þúsund lestir.

3. gr.

Eftirgreindir skipaflokkar eiga kost á úthafsrækjuveiðileyfi 1989:

1. Loðnuskip. Skip þau, sem flokkuð eru sem loðnuskip, á grundvelli 2. gr. reglugerðar frá 29. desember, um stjórn botnfiskveiða 1989.
2. Sérhæfð rækjuveiðiskip. Skip þau, sem flokkuð voru sem sérhæfð rækjuveiðiskip, sbr. 2. tl. 3. gr. og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 18, 22. janúar 1988, um veiðar á úthafsrækju 1988. Heimilt er að veita skipi rækjuveiðiréttindi, sem sérhæfðu rækjuveiðiskipi, hafi verið lagt í verulegar fjárfestingar á árinu 1987 í því skyni að gera það hæfara til veiða eða vinnslu á rækju.
3. Önnur rækjuveiðiskip. Skip þau sem fengu leyfi til úthafsrækjuveiða skv. 3. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 18, 22. janúar 1988, um veiðar á úthafsrækju 1988.

4. gr.

Velja skal fyrir hvert loðnuskip, sbr. 1. tl. 3. gr., á milli botnfiskveiðileyfis með aflamarki og rækjuveiðileyfis með aflamarki.

Velji loðnuskip rækjuveiðileyfi skal því úthlutað rækjuaflamarki fyrir árið 1989. Rækjuaflamark hvers loðnuskips skal á árinu 1989 vera 60% af því aflamarki, sem sama skipi var úthlutað á árinu 1988.

Loðnuskipum er heimilt að koma með að landi samtals 90 lestir af botnfiski í þorskígildum reiknað, sbr. 12. gr. reglugerðar frá 29. desember 1988, um stjórn botnfiskveiða 1989.

5. gr.

Sérhæfðum rækjuveiðiskipum, sbr. 2. tl. 3. gr., skal skipt í stærðarflokka og hverju skipi úthlutað rækjuaflamarki eftir stærð sem hér segir:

1. Skip 500 brl. og stærri:	600 lestir
2. Skip 250 brl. og stærri, en minni en 500 brl.:	500 lestir
3. Skip 200 brl. og stærri, en minni en 250 brl.:	400 lestir
4. Skip minni en 200 brl.:	300 lestir

Rækjuaflamark hvers rækjuveiðiskips á árinu 1989 skal þó aldrei vera minna en 75% af rækjuaflamarki sama skips árið 1988.

Sérhæfðum rækjuveiðiskipum skal ennfremur úthlutað einum þriðja hluta af botnfiskaflamarki og gilda um það aflamark almennar reglur. Botnfiskaflamarkið skal þó aldrei vera lægra en 180 lestir í þorskígildum reiknað fyrir skip skv. tl. 1 og 2 og 90 lestir fyrir skip skv. tl. 3 og 4.

Skipum, sem voru sérhæfð rækjuveiðiskip árið 1988, en velja að halda fullum botnfiskveiðiheimildum árið 1989, skal úthlutað 60% af því rækjuaflamarki, sem því hefði verið úthlutað árið 1988 hefði það valið að halda fullum botnfiskveiðiheimildum það ár.

Um rækjuveiðiheimildir þeirra skipa, sem áttu kost á því að verða sérhæfð rækjuveiðiskip á árinu 1988, en völdu að halda fullum botnfiskveiðiheimildum, gilda ákvæði 6. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Hverju rækjuveiðiskipi skv. 3. tl. 3. gr. skal úthlutað rækjuveiðileyfi með aflamarki, sem ákveðið skal þannig að hvert skip fái 60% af því sem hærra reynist, reiknuðu aflamarki ársins 1988 eða afla skipsins árið 1988, hafi skipið það ár stundað rækjuveiðar með sóknarmarki.

7. gr.

Skylt er að koma með allan rækjuafla að landi.

8. gr.

Við ákvörðun stærðar skipa skv. 5. gr. skal miða við gildandi mælingarbréf 31. desember 1987 frá Siglingamálastofnun ríkisins. Komi skip í rekstur eftir 31. desember 1987 skal miðað við fyrsta útgefna mælingarbréf fyrir skipið.

9. gr.

Um framsal rækjuafla og meðafla, sbr. 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr., gilda ákvæði laga nr. 3/1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1989–1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990, til að öðlast gildi 1. janúar 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. desember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.